LÍFIÐ EFTIR VINNU

Uppáhalds VÍNIÐ



Páll Magnússon
sjónvarpsstjóri

„Vínið sem ég nefni er rautt og ég hef aðeins smakkað það einu sinni, en það var í apríl 1991. Ég var í litlu þorpi í Suður-Frakklandi og á veitingastað sem heitir Le Moulin de Mougins. Veitingamaðurinn þar er frægur matreiðslumeistari, Roger Vergés. Vínið sem ég drakk heitir; Volnay „Clos des Chéns" Comte de Mougheron og var frá 1985. Ég skrifaði niður nafnið á vínunu ef ég rækist á það á öðrum veitingastöðum, en það hefur ekki orðið. Þetta er besta vín sem ég hef smakkað."




SPAUGAÐ Á NÝ

Þeir verða háðir fréttum og því hversu landsfeður eru skemmtilegir hverju sinni. Þeir eru landskunnir fyrir húmor og hefur verið saknað nú um nokkurt skeið. Þeir ætla að vera ferskir á nýju ári og hyggjast starfa áfram sem fréttastofa. Ertu með?

Mikið rétt, það eru Spaugstofumenn sem eru að vakna til lífsins eftir heillangt hlé og heita því að verða fullir af starfsorku. Sömu leikarar verða á ferðinni, en hins vegar er von á að nýjar týpur skjóti upp kollinum og reynt verður að sýna nýja fleti. Sem sagt: Spaugstofan á hverjum laugardegi.

Þá má svo geta þess að frændur þeirra, Gys-bræður, hyggjast troða upp í Súlnasal Hótels Sögu á næstunni. Hvílir mikil leynd yfir væntanlegri dagskrá en einn bræðranna, Karl Ágúst Úlfsson, fékkst þó til að upplýsa að nýjar leiðir yrðu farnar og landsfeðurnir væru nú fyrirferðarminni en oft áður.


Þetta er kvöldskemmtun fyrir matargesti, að sjálfsögðu á léttari nótunum, og mun Egill Eðvarðsson sjá um að leikstýra liðinu. Gysið verður í höndum Þórhalls Sigurðssonar (Ladda), Sigurðar Sigurjónssonar, Arnar Árnasonar og Karls Ágústs Úlfssonar, en þeir bræðurnir eru að sögn kunningja afskaplega nánir þrátt fyrir að sameiginlegt faðerni sé á villigötum.



Símsvarinn
JÓN PÉTUR ÚLFLJÓTSSON
danskennari

„Hæ, Jón Pétur hérna. Ég er ekki heima. Skiljið eftir skilaboð eða hringið í síma 36645, það er niðrí skóla. Ég heyri í ykkur bless."

Drauma dinner



Helgi Pétursson
markaðsstjóri

PRESSAN bað Helga að stilla upp ímynduðu kvöldverðarboði þessa vikuna. Gestir hans eru:

Tengdapabbi
hann tryggir að nóg verði á borðum.
Erró
hann hlýtur að tryggja líflegar samræður og er auk þess sælkeri.
Halldór Ásgrímsson
vegna þess að hann er „kómiker" inn við beinið.
Linda Pétursdóttir
því fleiri framsóknarmenn, því betra.
Tage Ammendrup
vegna þess að hann hefur vit á mat.
Gunnlaugur Stefánsson
Ingi Björn Albertsson
Össur Skarphéðinsson
til þess að stríða þeim með vondu stjórnina.
Guðmundur Thorsson
Vigdís Grímsdóttir
vegna þess að þau eru með svo ljúfan kúltúr.
Frú Birnu
til að koma í veg fyrir að ég verði með kjaft og ullerí.

Perlur gömlu meistaranna

Reykjavíkurborg á óhemjumikið af verkum eftir íslenska listamenn en ekkert listasafn. Verkin eru því að öllu jöfnu geymd víða á veggjum opinberra stofnana, og væri mikið erfiði fyrir listaverkaunnendur að elta þau uppi hvert um sig. Forsvarsmenn Listasafns Reykjavíkurborgar á Kjarvalsstöðum hafa því tekið til ráðs að safna saman perlunum í safni eldri meistaranna og opna á þeim sýningu næstkomandi laugardag. Þetta verður væntanlega vönduð sýning þar sem frumherjar íslenskrar myndlistar verða alfarið í fyrirrúmi en áhersla lögð á meistara Kjarval.

„Þetta verður úrval verka og það hefur lengi staðið til að halda sýningu sem þessa," sagði Gunnar Kvaran, forstöðumaður Kjarvalsstaða, í samtali við PRESSUNA. Það hafa verið góðar fjárveitingar til listaverkakaupa og safnið elst mikið. Það er því kominn tími á svona sýningu.

Myndir Kjarvals verða til sýningar í austursal, nú í fyrsta sinn, en gamlir meistarar aðrir í vestursalnum. Nöfn eru mörg; Muggur, Kristín Jónsdóttir, Jóhann Briem, Finnur Jónsson, Ásgrímur Jónsson og Jón Stefánsson, og eru þá fáir einir upptaldir.

Saxaður djass á Púlsinum



Halldór Pálsson, einn af betri saxófónleikurum landsins, heldur tónleika á Púlsinum.

Halldór Pálsson er tenórsaxófónleikari sem ætlar að halda tónleika á Púlsinum í kvöld. Hann hefur um allnokkurt skeið verið búsettur í Svíþjóð og einbeitt sér að djassinum lengst af.

„Ég segi helst að ég spili það sem við á, en á fimmtudag spilum við eingöngu djass. Það er spennandi að spila hér og við Árni Scheving reynum að fá til liðs við okkur unga hæfileikamenn. Þannig blöndum við saman týndu kynslóðinni og þeirri nýju," sagði Halldór í samtali við PRESSUNA.

Halldór hefur farið um allt og spilað. „Sem performer getur maður alls staðar verið. Tónlistin er alþjóðleg svo það þarf ekki að kunna tungumál eins og til dæmis í leiklistinni."

Ýmsar þekktar hljómsveitir hafa fengið listamanninn til liðs við sig og er sú frægasta vafalaust ABBA. Aðrar eru stórsveitir á borð við Gugge Hedrenius og Leif Kronlund. Hann segir að það hafi þó ekki fylgt því nein sérstök upphefð að spila með svo frægum númerum... en ef til vill lítil fjöður í hattinn. Auk þessa hefur hann komið fram í leikhúsum og sjónvarpi, bæði hérlendis og ytra, en í kvöld kemur hann fram með kvartett víbrafónleikarans Árna Scheving. Andrea Gylfa lætur sjá sig og annar kvartett, með pianóleikarann Kristján Magnússon í broddi fylkingar, kemur fram eftir nokkurt hlé.

Greinilega viðburður á ferðinni, sem djassunnendur mega ekki fyrir nokkurn mun missa af.



Ég kann best við mig í janúar. Það er eins og eyðslan um jólin færi fólk nær mér, –bæði fjárhagslega og svo leggst yfir það einhvers konar þunglyndi sem ég kannast svo vel við.

Hótels Sögu á laugardagskvöld og leikur þar hljómsveitin **Einsdæmi** fyrir gesti. Á Mímisbar eru **Þau tvö**, bæði tvö, í formi bæði föstudag og laugardag. Að austan kemur hljómsveitin **Ítrekun** og trallar sig inn í nýja árið Á öndinni.
Franskt popp verður á Borginni á föstudagskvöld og hitar **Orgill** upp. Still Fransmannanna í **Dimitri** er í ætt við tónlistarsmekk þeirra í REM, en það er jú létt og þægilegt á að hlýða. Og hver var svo að tala um að árið færi rólega af stað?


VEITINGAHÚSIN

Þar sem Hafmeyjan sáluga var á Laugaveginum er nú búið að opna Steikhús Pottsins og pönnunnar. PRESSAN tekur ofan fyrir bjartsýni þeirra manna sem að því standa. Það þarf bjartsýni til og kjark að auki að opna veitingastað þar sem líkið af Hafmeyjunni rotnaði um nokkurra mánaða skeið eftir að Jónas Kristjánsson aflífaði hana í veitingahúsakrítík sinni í DV. En það þarf sjálfsagt meira til en bjartsýni og kjark til að það takist. Því miður virðast aðstandendur Steikhússins ekki hafa ýkja mikið af því. Maturinn er þó betri en á Hafmeyjunni. En umhverfið er kaldranalegt, þjónustan fumkennd og svo sem fátt nýtt sem kemur úr eldhúsinu.

MYNDLISTIN


Oft er rólegt eftir annasama jólatíð og þykir mörgum þessi tími óhentugur til opnunar sýninga. Það er þó ekki allra álit og verða tvær sýningar opnaðar um helgina; á Kjarvalsstöðum annars vegar og í Hafnarborg hins vegar. Sýningarnar eru mjög ólíkar og er önnur þeirra rammíslensk, með **Kjarval og gömlu meistarana** í fyrirrúmi, en hin á ættir að rekja til Venesúela. **Suður-amerísku**





platan

MARY BLACK
BABES IN THE WOODS
Mary Black er athyglisverð írsk söngkona sem hefur átt góðu fylgi að fagna meðal þjóðlagafíkla. Babes er nokkru poppaðri en áður en tónlistin á henni minnir á Joni Mitchell, Lindu Thompson og Idie Brichell, svo einhverjar séu nefndar. Þetta er ein af betri plötum ársins og kemur skemmtilega á óvart. Við gefum henni 8 af 10 mögulegum.



ÞUNGA GÁTAN

LÁRÉTT: 1 brjóst 6 bögumæli 11 snemma 12 band 13 þvingun 15 hár 17 þreyta 18 flótti 20 þjóti 21 gerlegt 23 gagn 24 kæk 25 trjónur 27 hindra 28 gafflana 29 fugl 32 gramar 36 hvíld 37 mann 39 reiða 40 fugl 41 draugar 43 tré 44 slenið 46 klæðlausri 48 ruddi 49 ögn 50 illir 51 skakkan **LÓÐRÉTT:** 1 mýs 2 kríkinn 3 dygg 4 vargs 5 yndi 6 kjass 7 kássa 8 sonur 9 deila 10 þátta 14 gripinn 16 eirir 19 harðfiskruður 22 spjald 24 blaðrari 26 vindur 27 álpast 29 djarfur 30 hreini 31 útöndun 33 hrekkur 34 fæðir 35 bleytan 37 starir 38 manneskju 41 eggi 42 blés 45 smáfiskur 47 knæpa.